

Vefrit fjármálaráðuneytisins

20. ágúst 2009

Tekjuþróun breytileg eftir tekjubilum


Fjármálaráðuneytið fylgist reglulega með staðgreiðslu af tekjum einstaklinga í þeim tilgangi að geta lagt betra mat á þróun efnahagslífsins og jafnframt tekjuþróun ríkissjóðs.

Miklar sviptingar hafa verið í tekjuöflun einstaklinga á umræddu tímabili og því er líklegt að þótt gögn gefi betri vísbendingu um tekjuþróun einstaklinganna en heildartölur. Þannig voru um 37.000 manns á staðgreiðsluskrá í maí í fyrra sem eru það ekki nú og þá eru um 15.000 manns með laun í maí 2009 sem ekki voru á staðgreiðsluskrá í sama mánuði í fyrra. Vitað er að allmargir hafa annað hvort flutt til útlanda eða eru ekki lengur með tekjur á Íslandi. Þá er líklegt að endanleg staðgreiðsluskil maímánaðar verði ekki ljós fyrr en að nokkrum mánuðum liðnum.

Í könnun á þöruðum samanburði á upplýsingum um tæplega 190.000 einstaklinga sem höfðu einhverjar staðgreiðsluskyldar tekjur í maí 2008 og í sama mánuði í ár kemur fram að launasmaðmi hópsins er 5,0% lægri nú en var fyrir ári meðan skattgreiðslur eru 5,6% lægri. Ráðstöfunartekjur, framtaldar tekjur að frádreginni staðgreiðslu, eru 4,8% minni en var fyrir ári síðan. Þegar tekið er tillit til 11,6% hækkunar vísitölu neysluverðs yfir tímabilið, kemur í ljós að raunlækkun tekna er 14,9% en ráðstöfunartekjur eru 14,7% lægri að raunvirði en var ári fyrr.

Tekjubreytingin kemur síður en svo jafnt við alla. Á meðfylgjandi mynd má sjá meðalþróun staðgreiðsluskyldra tekna milli maímánaða og fjölda þeirra sem tölurnar eiga við. Tekjur eru flokkaðar í bil sem hvert um sig er 50 þúsund krónur á mánuði. Ekki eru sýndar upplýsingar um þá sem hafa lægri tekjur en 100 þúsund krónur á mánuði árið 2008. Ýmislegt vekur athygli á þessari mynd. Þeir sem höfðu tekjur undir 200 þúsund krónum í maí í fyrra eru nú að meðaltali með verulega minni tekjur en þá. Hér skiptir máli að margir í allra neðstu tekjubilunum hafa verið með tekjur af hlutastörfum sem þeir hafa ekki lengur, t.d. námsmenn, en einnig að hér eru væntanlega margir sem hafa orðið atvinnulausir og þiggja atvinnuleysisbætur eða dregið hefur úr vinnutíma hjá. Þeir sem voru með tekjur á bilinu 200-250 þúsund krónur á mánuði eru eini hópurinn sem hefur enn sömu tekjur og í fyrra. Fyrir þá sem voru með tekjur yfir 250 þúsund krónum á mánuði í fyrra hafa tekjur lækkað og eftir því meira sem tekjurnar voru hærri þá. Þeir 4.500 sem voru með tekjur yfir 1 milljón á mánuði í fyrra (og sem búið er að skila staðgreiðslu fyrir nú og hafa einhverjar tekjur) eru nú með 25% minni tekjur en þeir voru með í fyrra. Þeir 500 sem voru með tekjur yfir 2 milljónir í fyrra eru nú með helming þeirrar upphæðar að meðaltali.

Paraður samanburður tekna í staðgreiðslu í maí 2008 og 2009 eftir launum í maí 2008, breyting launa, %



Ef horft er á ráðstöfunartekjur í stað tekna kemur í ljós að þær hafa ekki breyst að krónutölu milli ára fyrir hópinn sem er með frá 200 þúsund króna mánaðartekjur upp í 450 þúsund króna tekjur. Það

stafar af mikilli hækkun persónuafsláttar milli ára sem vó upp hækkað skatthlutfall. Þar fyrir ofan hafa ráðstöfunartekjur lækkað meira en tekjurnar sjálfar.

Um aðgerðir stjórnvalda

Í grein „Ísland mun sigrast á erfiðleikum sínum“ sem Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðgjafi í Fréttablaðið 14. ágúst sl. benti hann á að afleiðingar banka- og fjármálahrunsins eru smátt og smátt að koma betur í ljós. Samfélagið allt hefur orðið fyrir miklu tjóni og þörf er á að axla miklar skuldabýrðar. Um leið er mikilvægt að tapa ekki trúnni á framtíðina. Íslenskt samfélag hefur alla burði til þess að sigrast á erfiðleikumum þótt miklir séu og með samstöðu getum við farið í gegnum erfiðleikana og komið íslensku samfélagi á braut uppbyggingar og framfararsóknar.

Til einföldunar má skipta undanförunum mánuðum, misserum og árum upp í fjögur tímabil: 1) Aðdraganda hrunsins, segjum frá og með árinu 2002 þegar bankarnir voru einkavæddir og til og með októberbyrjunar 2008. 2) Tímabil áfallsins sem kom í kjölfarið og lýkur með stjórnarskiptum 1. febrúar 2009. 3) Millibilsástandið sem minnihlutastjórnin glímdi við og fól í sér fjölbærta stuðningsaðgerðir til þess að verja samfélagið og búa sem best undir kosningar í lok apríl. 4) Að lokum er það tímabil beinna aðgerða og endurreisnar frá og með stjórnarskiptum í maí. Á þeim tíma hefur margt áunnist og er ástæða til að stalda við nokkur atriði:

- Viðtækar tekjuöflunar- og sparnaðaraðgerðir upp á samtals liðlega 20 milljarða króna til að aðlaga rekstur ríkissjóðs að gjörbreyttum veruleika strax í maí og júní. Í júní var kynnt áætlun um jöfnuð í rekstri ríkissjóðs á árunum 2009 til 2013 og skýrsla lögð fyrir Alþingi ásamt áætlun um tekjuöflun og sparnað fyrir árið 2010 og ramma fyrir árin þar á eftir.
- Stöðugleikasáttmáli sem er mikilvægur til að tryggja samhæft framlag ríkisins, sveitarfélaganna, aðila vinnumarkaðarins, Bændasamtakanna og fleiri til endurreisnarstarfsins.
- Samningur íslenskra stjórnvalda við bresk og hollensk stjórnvöld í byrjun júní leiddi Icesave-deiluna til lykta á þann hátt sem Alþingi fól framkvæmdavaldinu í desember. Alþingi er nú með þetta erfiða mál til umfjöllunar.
- Gengið var frá samningum við Norðurlöndin fjögur í byrjun júlí um gjaldeyrislán til þess að byggja upp gjaldeyrisvaraförða Seðlabankans.
- Tímamótaárangur náðist með samkomulagi stjórnvalda við skilanefndir gömlu bankanna þriggja sem kynnt var 20. júlí. Einnig er unnið að endurskipulagningu sparissjóðakerfisins.
- Í lok júlí höfðu stjórnvöld uppfyllt öll skilyrði sem snéru að fyrstu endurskoðun stjórnar AGS á áætluninni. Þrátt fyrir það ákvað AGS að fresta endurskoðuninni og voru það vonbrigði, en öllum má vera ljóst að Icesave-málið var meginorsök frestunarinnar.
- Ríkisstjórnin hefur ítrekað aukið fjárframlög til embættis sérstaks saksóknara og rannsóknar hans. Þá hafa aðgerðir á vegum skattýfirvalda verið eflaðar, m.a. með frumvarpi um heimild til skattrannsóknarstjóra til að kyrrsetja eignir.
- Helstu eftirlitsstofnanir fjármálakerfisins, Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið, hafa fengið nýja yfirstjórn og þær verið eflaðar.

Fjöldmargt annað, sem of langt mál væri að telja upp, hefur verið gert en nefna má mótnun eigendastefnu og ákvörðun um fyrirkomulag eignarhalds ríkisins á fjármálaframtækjum, stofnun bankasýslu og eignarumsýslufélags.

Þá er bent á að Ísland er ríkt og þróað samfélag með öflugum innviði og gott mennta- og heilbrigðiskerfi. Þá eigum við sterkar útflutningsgreinar sem njóta nú góðs af gengi krónunnar. Seðlabankinn áætlar að heildar-skuldir þjóðarþúsins erlendis muni nema um tvöfaldri landsframleiðslu í lok þessa árs. Ef einungis eru teknar eignir og skuldir ríkissjóðs fyrir árið 2009 eru hreinar skuldir um 40% af landsframleiðslu og er gert ráð fyrir að þær muni lækka jafnt og þétt.

Tekjur ríkissjóðs janúar – júní		
12 mánaða breyting (%)	2008	2009
Skatttekjur og trygg.gjöld	5,2	-13,7
Skattar á tekjur og hagnað	9,6	-6,0
Eignarskattar	-23,0	-40,2
Skattar á vöru og þjónustu	2,0	-20,2
Tryggingagjöld	3,5	-10,2
Tekjur alls	3,5	-9,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – júní		
12 mánaða breyting (%)	2008	2009
Almenn opinber þjónusta	16,6	78,7
Heilbrigðismál	8,7	15,7
Alm.trygg. & velferðarmál	11,0	41,3
Efnahags- og atvinnumál	22,1	11,4
Menntamál	9,0	15,5
Gjöld alls	12,7	30,8

Afkoma ríkissjóðs janúar – júní		
Milljónir króna	2008	2009
Handbært fé frá rekstri	28.081	-46.457
Hreinn lánsfjárfjöldunur	26.595	-45.248
Afborgun lána	-31.415	-72.060
Brúttó lánsfjárfjöldunur	-6.800	-117.308
Lántökur	62.319	123.934
Breyting á handbæru fé	55.519	6.626

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2008	2009
Verðbólga (júlí)	13,6	11,3
Kjarnaverðbólga (júlí)	11,8	11,8
Launavísitala (júní)	8,5	3,0
Heildarvelta (jan.-apr.)	10,1	-21,0
Smásöluvelta (jan.-apr.)	2,8	-16,9
Atv.leysi, árst.leiðr. (júlí)	1,2	9,1